

Skýrsla skógarvarðarins á Hallormstæð árið 1950.

Skógurinn: Skógarhögg fór fram aðallega á suðurskóginum millikerlingarar og kréklæks og sunnan við króklæk. Var smolítis grishuggið til undirbúnings gróbursetningar í vor komandi. Eftir standa á svæðinu tré, strjált sem væri þeim ætlað að bera frá til sjálfsáningar og uppyngingar birkiskóá á svæðinu, en þeim er ei ætlað það hlutverk, heldur sem hlíf og skjól barrvibarnýgræðings (lerki) sem fyrirhugað er að leysa björkina af hólmi. Óhreifðar eru ræmur til frekara skjóls nýgræðingnum. Toppar og smæstu greinar voru höggnar af þeim stofnum sem felli og látið liggja og koma jarðveginum til góðs, en stofnar og stærri greinar ætlað til sölu, sem eldiviður og betri stofnar í girðingarstaura.

Sala á þessum varð dálítill, en sumt liggur óselt um áramót. Verðið var sett mjög lágt, til þess að koma út viðným og fá hann brott að svæðinu án þess að kosta til þess beinlínis. Þol eru nú um 460 kr. tonnið, en viðurinn var seldur á aðeins 100 kr. tonnið, en það var gert til að tryggja að losna við og áætlað að skógarhuggið fengist endurgreitt þrátt fyrir þó verðið væri eigi hærra. Að öðru leiti vísast til yfirlitsskýrslunar um skógarhuggið og viðarsölu. En um áramótin lágu enn um 4-5 tonn viðar upphöggvið á hinu umrædda svæði, sumt af því er girðingarstaurar.

Lengstu árssprotar á birkiskóginum urdu 40 cm.

Laufgun skógarins varð að mestu lokið, þannig að hann var grænn tilsyndar 5 júni.

Lauffall var dagana 3-8 október.

Birkimaðkurinn lá niðri í ár, má heita að hans hafi lítið sem ekkert orðið vart.

Frævöxtur varð talsverður og var dálitlu safnað. Er þetta mesta fræár sem komið hefur nú um nokkur ár. Reyniviðarfræ var því nær ekkert í skóginum. Dálitlu var saman að garði á Hrafnkellsstöðum. Í Ranaskógi var heldur ekkert reyniviðarfræ, en þar sem nokkur reyniviðartré og sem mjög lagleg.

Tilraunarsvæðið í Lýsishóli. Mæling fór fram í summar, að grisjunum lokinni, standa nú á svæðinu 219 tré.

Meðalhæð trjánna 6.5 metrar.

Meðalþvermál 5.6 cm.

Það sem fallið hefur við grisjun, frá því síðasta mæling fór fram er. Árin 1947 og 1948 91 tré. Meðalhæð 4.6 m.

Árin 1947 og 1948 91 tré Meðalþvermál 4.2 cm.

Árið 1950 247 tré meðalhæð 3.9 m.

- - - - - meðalþvermál 3.4 cm.

Þegar síðasta mæling var gerð voru á svæðinu 567 tré og vísast til mælingar á þeim.

Vöxtur hefur verið mjög hægfara síðan mæðkurinn byrjaði að herja á svæðinu 1935.

Skógargirðingin: Talsverðar bilanir urðu á girðingunni ofan við skógin eftir veturinn. Vír og staurar voru sligað af sujó. Bætt var í allmörgum birkistaurum. Þá var skipt á sléttum vír og gaddavír á nokkrum parti, eða á kaflanum frá Kerlingará fram og niður á Selklett.

Um 250 staurum var bætt í girðinguna.

Hagagirðingin í skóginum þurfti og lagfæringar við, svo sem búgirðingin og skólav. o.fl.

Vöxtur barrtrjáa í skóginum:

Í skýrslu minni í fyrra tilgreindi eg árvöxt, hæðarvöxt á árinu á hverru teg. og aldur hennar, svo og hæstu einstaklinga. Nú verður greindur hæðarvöxtur á árinu og aldur hverrar tegundar, en hæstu einstaklingar hafa ekki verið mældir nú í ár eg nægir að vísa til mælinga í fyrra.

Í Mörkinni:

Blágreni (P.pungens) Aldur 14 ár. Árvöxtur mældur í einni röð í cm. 11-10-10-14-16-12-9-15-12-11-12-10-3-8-12-10-6-10-8-10-2-8-9-11-12-11-10-8-15-9-3-12-12-9-10-8-4-10-12-9-5. cm.

Blágrenið stóra. Aldur 46 ár(?) Hæðarvöxtur minni en venjulega. Hefur ekki verið mældur nákvæmlega, en mun vera 20-35 cm.

Fjallabynur (Abies lasiocarpa) Aldur 14 ár. Árvöxtur mældur í einni röð: 15-11-13-10-12-12-10-5-11-13- cm.

Sitagneni: Aldur 13 ár. Árvöxtur mældur í einni röð: 15-11-10-12-10-8-11-13-10-8-10-5-13-5-12-5-14-10-5-10-12-11-15-13-13-10-16-12-16-12.

Rauðgreni 35-40 ára. Árvöxtur um 30 cm. þar sem hann er mestur.

Lerkí: Gróðursett 1922. Árvöxtur 20-35 cm.

Ífjöldatlavík.

Hæðarvöxtur á árinu mældur á eftirfarandi lengdum:

Skógarfura. Uppruni: Snaasa Ind-Trondelag. Aldur 9 ár.

Hæðarvöxtur í einni röð. 3-3-11-18-15-8-18-13-12-15-11-10-10-6-8-15-6-10-10-10-10-12-15-18-2-10. cm.

Contortafura. Uppruni B.C. Aldur 11 ár. Hæðarvöxtur mældur í einni röð: 12-10-10-5-20-20-15-15-20-15-12-8-20-15-10-12-24-10-12-12-12-10. cm.

Douglasgreni: Uppruni ókunnur. Aldur 10 ár. Hæðarvöxtur í einni röð í cm. 20-15-10-21-10-12-10-3-8-10-10-8-cm.

Hvítgreni (P.alba) Uppruni ókunnur. Aldur 10 ár. Hæðarvöxtur í einni röð í cm. 11-14-10-4-18-8-20-3-10-20-12-8-4-8-15-3-10-4-12-5-16-3 cm.

Lerki. Gróðursett 1922. Uppruni ókunnur. Ársvoxtur hefur eigi verið mældur nákvæmlega en menn segja um 20-35 cm.

Lerki. *Lorix siberica*. frá Arkangelsk. Aldur 14 ár. Ársvoxtur mældur 20-50 cm.

Við Króklæk.

Blágreni (P.pungens) Engelmanni. Aldur 14 ár. Hæðarvöxtur í einni röð. 11-10-12-7-9-18-15-10-5-4-11-12-10-16-10-44-12-12-5-4-8-3-3-3-8. Hæð á einu tré sem skar sig algerlega úr hinum er 50 cm, enda miklu hærrí en hin.

Pinus flexiles (Sveigfura). Aldur 14 ár. Mestu hæðarvöxtur er um 15 cm.

Við Jökullæk.

Lerki (Loria siberican). Uppruni Arkangelsk. Aldur 13-14 ár. Hæðarvöxtur í ár mældur á nokkrum trjám. Sýndist að vöxturinn hefur verið 20-50 cm. Er það með minnsta móti.

Plöntur í skóginum. Frá frá Troms var gróðursett utan við Jökullæk, ofan við þjóðveginn og dálítið framan við Króklæk, nedan þjóðvegar. Alls mun hafa verið plantaðar 8000 plöntum, en þar af voru 500 stk af gróðrastöðinni hér, sem voru settar þar fyrir 2 árum, en voru frá sama stað í Noregi.

Plönturnar voru mjög þvældar er þær komu hingað og mun mikil af þeim kulna út, en hve mikil er ekki með vissu sagt nú á fyrsta ári frá gróðursætningu. Þær sem geymdar voru í gróðrastöðinni og

náðu rótum þar, komust flestar eða allar til, að því að séð var í haust leið.

Veturfar og veðurathuganir.

Veturinn frá áramótum var mjög mildur, en úrfellissamur, sem skýrslan sýnir. Á lo dögum kom hér úr loftinu um 300 m.m. í einni lotu, eða jafnadar um 30 m.m. Er það fátitt hér að svo stöðugt og mikil úrfelli komi hér á svo skömmum tíma. Apríl var svalur og sumarmánuðirnir einnig, þó var ágúst í meðallagi hlír. Júlí var í kaldasta lagi. Engir verulega hlýor dagar komu á sumrinu, enda sá sjaldan til sólar, nema part úr degi. Sumarhitinn var aðeins 8.8° .

Lagafljót var autt allan veturinn hér undan Hallormsstað, enda var meðalhiti alltaf og ofan við frostmark nema febr. og desember 1949.

Meðalhiti og urkoma hvers mánaðar var þessi:

| Mánuður. | Hiti. | Úrkoma | Leiðréttung. |
|-----------|-------------------------|-----------------|-------------------------|
| Januar | 0.5°C . | 280.6 m.m. | |
| Febrúar | + 3.4 - | 119.6 - - | |
| Marz | 0.7 - | 25.5 - - | |
| Apríl | 0.3 - | 29.3 - - | |
| Mai | 6.3 - | 19.8 - - | |
| Júní | 8.7 - | 33.6 - - | 9.3°C . |
| Júlí | 9.8 - | 123.8 - - | 10.3 - |
| Ágúst | 10.6 - | 109.8 - - | 11.1 - |
| September | 6.2 - | 87.3 - - | 6.7 - |
| Október | 3.7 - | 122.0 - - | |
| Nóvember | + 0.7 - | 99.9 - - | |
| Desember | + 3.3 - | <u>21.0</u> - - | |
| | | 1072.3 - - | |

Mestur hiti var 18 júní 20°C .

Minnstur hiti 24 febr. 16 -

Meðalhiti sumarsins var 8.8°C . 9.3°C .

Samkv. leiðréttingu, því hitar sýndu 0.5°C og lítið.

Dagar með yfir 30° voru engir.

Fyrsta frost varð 25 september 0.3° C.

Síðasta frost í vor leid var 21 maí 3.8° C.

Græðireiturinn. Sáð var þessum tegundum og magni.

Af Laufrjám:

| | | |
|--------|-----------|--------------------------------|
| Birki | 12 kg. | uppruni fræs Bæjarstábarskógr. |
| Reynir | 10 - | - - - - - - - - - - |
| Askur | 0,300 kg. | - - - Grunndal Norge. |
| Hlynur | 0.100 - | - - - Sakidog. Hamar Noregi. |

Af barrtrjám:

| | | |
|------------|---------|----------------------------------|
| Lerkí | 2.0 kg. | Uppruni Hakaskoja Íibirisk. |
| Rauðgreni | 2.0 - | - - Rana Noregi og Uneå Svíþjóð. |
| Skógarfura | 4.0 - | - - Tramsindl og Hamaröy. |

Flatarmál fræbeða er sem hér segir:

| | | | |
|------------|------------------------|-----------------|-------------------------|
| Birkibeo | 345.0 m ² . | Reynibeo | 8.0 m ² . |
| Hlynur | 6.0 - | Askur | 9.0 - |
| Lerkí | 67.5 - | Rauðgreni | 67.5 - |
| Skógarfura | 12.0 - | Flatarmál alls: | 615.00 m ² . |

Dreyfplantað var þessari litlu tö lu af hverri tegund.

| | | |
|------------|------------|-------------|
| Björk | 2/2 | 58.000 stk. |
| Reynir | 2/1 og 2/2 | 23.000 - |
| Sitkagr. | 2/2 | 9.900 - |
| do | 3/0 | 9.800 - |
| Hvitgreni | 2/0 | 3.700 - |
| Skógarfura | 2/0 | 4.000 - |

Alls: 108.400 stk.

Græðlingar settir:

| | |
|-----------|-------------|
| Þingvíðir | 10.000 stk. |
| Gulvíðir | 2.000 - |
| Ribs | 1.000 - |

Alls: 13.000 stk.

Söluhæfar plöntur næsta vor úr græðireitnum, eftir því er næst verður komist:

| | | |
|-----------|--------|------|
| Björk | 30.000 | stk. |
| Reynir | 6.500 | - |
| Þingvíðir | 7.000 | - |
| Gulvíðir | 1.000 | - |

| | | |
|------------------|---------------|----------|
| Ribs | 400 | stk |
| Sitkagreni | 50.000 | - |
| Lerki | 40.000 | - |
| <u>Rauðgreni</u> | <u>10.000</u> | <u>-</u> |
| Alls: | 144.900 | stk. |

Selt var samkvæmt því sem plöntuskrá sýnir.

| | | |
|--------------------------------------|------------|------------|
| Sent til Reykjavíkur og plantað hér. | | |
| A. Hallormsstað alls | 13.678 | stk. |
| Sent til Reykjavíkur | 28.610 | - |
| <u>Plantað í skóginum</u> | <u>500</u> | <u>-kg</u> |
| Samtals: | 42.788 | stk. |

Vöxtur og þrif í gróðrastöðinni:

Trjáfræði spíraði vel, enda var vætuð meiri en venja er til í júní og júlí, þó einkum í júlí. Döfnuðu þlönturnar í fræbeðunum allvel. Sama er að segja um vöxtinn í fræbeðunum, frá í fyrra, þó háði birkiplöntunum á 2. ári ryðsveppur, svo vöxtur þeirra er misjafnare enn ella. Vöxtur í dreyfplöntubeðunum var góður, einkum á lerki. Sitkagreni hækkaði ekki mikil, enda voru plönturnar er þær voru dreyfplantaðar í fyrra stæfri en venjulegar og eru þær nú sennilega stórar af 5 ára plöntum að vera. Birki á 4. ári er í minna lagi og virðast bíða þess eigi bætur, hve þær voru seint á ferðinni í hinu stutta sumri í fyrra. Reyndir óx vel og græblingar af víðiog ribsí tóku vel við sér. Rauðgreni tók góðum framförum í dreyfplöntubeðunum.

Áburður: Samkv. skýrslu um áburðarnotkun og áburðarbyrgðir var borið í reitinaz sem hér segir:

| | | | |
|---------------------|-----|-----|-------------------------|
| a. Tilbúinn áburður | 500 | kg. | Kalkannom og saltpetur. |
| - - - - - | 300 | - | þrifarfot. |
| - - - - - | 350 | - | Kalí. |

b. Búpeningsáburður $7\frac{1}{2}$ tonn.

Svörður og rofamold var flutt í 2 svæði neðan við gamla reitinn alls 140 tonn. Þessi svæði eru að flatarmáli $1700 m^2$.

Bað var einnig flutt nokkuð af sandi í reitinn.

Skjólbelti milli gamla reitsins og hins næsta fyrir neðan var höggið og báðir reitirnir sameinabár. Er nú hægara um vinnslu og undirbúning, einkum með vélum. Forsæla af skjólbeltinu

var of mikil þeim megin sem undan sól vissi. Þar var skjólbeltið fært dálitið til í viðbót, sem mun koma í góðar þarfir.

Allmikið magn er nú af barrplöntum til dreifplöntunar næsta vor, einkum af rauðgreni, lerki og sitkagreni. Margt er og af birkiplöntum, en sumar nokkuð stótar.

Byggingarbréf var gefið út handa ábúendum á Hafursá og jörðin tekin út í hendur hóns. I byggingarbrétinu er hert ráð fyrir að friða part af beitilandi jarðarinnar utan við Hafursá-ósa, sem setur mörkin milli Hafursár og Hellormsstaðar. Þá er og undanskilin byggingu skáli, nýreistur, og var ætlaðir til verkfærageymslu og kartöflugeymslu.

Hallormsstað 10/1 1951,

Cuttormur Pálsson.